

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði fimmtudaginn 7. nóvember 2017 vegna dómarskýrslu dags. 6. nóvember 2017, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-A hefði ekki verið í samstæðum búningum í 7. umferð deildarkeppni karla sem fram fór sama dag. Samkvæmt dómarskýrslu var einn leikmanna liðsins í öðruvísi buxum en aðrir leikmenn.

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

„Búningar.

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsur eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.“

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“

Þar sem að um annað brot ÍR-A er að ræða telur aganefnd sekt hæfilega ákveðna kr. 5.000.

Úrskurðarorð

ÍR greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 5.000 kr.

Gunnar Þór Ásgeirsson, formaður aganefndar

Hörður Ingi Jóhannsson

Árni Þór Finnsson